

Ár aldraðra 1999



Lokaskýrsla

Framkvæmdastjórnar árs aldraðra:

Ingibjörg Pálmadóttir, ráðherra, formaður framkvæmdastjórnar

Jón Helgason, oddviti framkvæmdastjórnar

Benedikt Davíðsson, formaður Landsambands eldri borgara

Jón Snædal, Öldrunarráði Íslands

Hrafn Magnússon, Sambandi almennra lífeyrissjóða

Hrefna Sigurðardóttir, forstöðumaður Skógarbæjar

Sigurbjörg Björgvinsdóttir, forstöðumaður Gjábakka

Unnar Stefánsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Hrafn Pálsson, deildarstjóri, fulltrúi heilbrigðisráðherra

Margrét Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri árs aldraðra

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	5
Helstu verkefni á ári aldraðra	7
<i>Ráðstefna í Kópavogi – Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri</i>	
<i>Kynning á stefnumiðum S.þ. – fundir um allt land</i>	
<i>Viðhorfskönnun meðal aldraðra</i>	
<i>Skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um hagi aldraðra</i>	
<i>Könnun á fjárhagslegum undirbúningi fólks fyrir æviskeiðið eftir starfslok</i>	
<i>Átak gegn beinþynningu</i>	
<i>Rannsóknarstofa í öldrunarfræðum</i>	
<i>Íþróttir fyrir aldraða</i>	
<i>Tölvunámskeið fyrir eldri borgara – tilraunaverkefni</i>	
<i>Tölvukennsla fyrir eldri borgara í nokkrum grunnskólum Reykjavíkur</i>	
<i>Útvarpsþættir um málefni aldraðra</i>	
<i>Danslagakeppni árs aldraðra og Ríkisútvarpsins</i>	
<i>Ljósmyndasamkeppni árs aldraðra</i>	
<i>Trjárækt – mannrækt</i>	
<i>Leikferð um landið</i>	
Útgáfustarfsemi, málþing og ráðstefnur á ári aldraðra	15
Útgáfustarfsemi	15
<i>Lífeyriskerfi og umönnunartryggingar</i>	
<i>Líf í réttu ljósi</i>	
<i>Heyrnarskerðing á efri árum</i>	
<i>Af hverju svarar þú ekki afi</i>	
<i>Heilabilun – opnum hugann – leitum leiða að bættri líðan</i>	
<i>Kynslóðir gegn vímuefnum</i>	
<i>Heilræði fyrir fólk á besta aldri</i>	
<i>Öldrun – tímarit fagfólks um öldrunarmálefni</i>	
Málþing og ráðstefnur í tilefni af ári aldraðra	18
<i>Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 1999</i>	
<i>Dagur aldraðra 1. október</i>	
<i>Hvað er öldrun?</i>	
<i>Málþing Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um sjálfsákvörðunarrétt aldraðra</i>	
<i>Opið hús á öldrunarlækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur</i>	
Aðgerðir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á ári aldraðra	20
<i>Endurskoðun laga um málefni aldraðra</i>	
<i>Breytingar á almannatryggingum</i>	
<i>Framkvæmdasjóður aldraðra</i>	
<i>Stefnumótun í málefnum aldraðra til næstu 15 ára</i>	
Ár aldraðra – mat á árangri	21
Ábendingar framkvæmdastjórnar árs aldraðra	24
Framtíðarsýn	25
Viðaukar	27

Formáli

Í þessari skýrslu framkvæmdastjórnar heilbrigðisráðuneytisins um alþjóðlegt ár aldraðra 1999 er getið helstu verkefna sem nefndin hefur beitt sér fyrir á árinu. Markmið Sameinuðu þjóðanna um málefni aldraðra hafa verið grundvöllur þessa starfs. Vegna þeirrar áherslu sem Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra, lagði á víðtæka samvinnu, hefur mikill fjöldi fólks, félaga og stofnana komið að þessu verki og lagt málefninu lið. Fyrir það mikla og óeigingjarna starf flytur nefndin öllum bestu þakkir.

Þó að skýrslan sé að mestu leyti frásögn af því sem liðið er, þá er henni samt fyrst og fremst ætlað að vera vegvísir til framtíðar. Þess er vænst að vinnan við sem flest þeirra verkefna sem þar er sagt frá, sé aðeins upphaf að árangursríku starfi á þeim vettvangi á komandi árum. Sameinuðu þjóðirnar hvöttu til þess að þannig yrði að verki staðið og með það að leiðarljósi mótaði framkvæmdanefndin störf sín.

Þess vegna hefur verið lögð áhersla á viðhorfsbreytingu á mörgum sviðum og verkefnum eru óþrjótandi. Auka þarf og bæta samskipti og skilning milli kynslóða, því að þjóðfélagið þarfnast þátttöku allra í athöfnum hins daglega lífs í samræmi við aðstæður og getu hvers einstaklings. Æviferillinn er ein heild frá vöggum til grafar, þar sem sífellt verður brýnna að halda áfram að afla fræðslu og menntunar meðan heilsa leyfir. Það er skylda hinna eldri að afla fræðslu og menntunar meðan heilsa leyfir. Það er skylda hinna eldri að miðla reynslu og þekkingu til þeirra sem landið erfa.

Engum stendur það því nær en eldri kynslóðinni að halda áfram umfjöllun um þessi atriði og fjölmörg önnur og fá til þess atbeina sem flestra. Óhætt er að fullyrða að starfið á ári aldraðra hafi leitt til meiri opinberrar umræðu um málefni aldraðra en nokkru sinni fyrr, þar sem vakin var athygli á mörgu.

Á almennum fundum og í fjölmiðlum, ekki síst í Ríkisútvarpinu, hafa markmið Sameinuðu þjóðanna verið kynnt, jafnframt því sem félögum eldri borgara hefur hvarvetna gefist kostur á að kynna sjónarmið sín. Með umfangsmiklum úttektum og skýrslugerð hafa fengist upplýsingar sem leggja grundvöll að aðgerðum til að færa það sem brýnast er til betri vegar.

Reynslan ein getur skorið úr um það hvernig okkur muni ganga að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fram, þar sem setja ber lífsgleðina í öndvegi. Aðalatriðið er að við berum öll gæfu til að taka höndum saman um að vinna að því. Þá mun árangurinn ekki láta á sér standa.

Jón Helgason

Inngangur

16. desember 1991 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna (S.þ.) ályktun nr. 46/1991 um stefnumið Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra. Þar var því beint til stjórnvalda aðildarþjóðanna að vinna að framgangi þeirra markmiða sem þar voru sett fram (sjá viðauka 1; *Stefnumið sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra*). Sérstök áhersla var lögð á að ár aldraðra 1999 yrði notað til að skapa almenna viðhorfsbreytingu til öldrunar, í því skyni að styrkja stöðu aldraðra og stuðla að aukinni samstöðu kynslóða í framtíðinni. Í ályktun Allsherjarþingsins var þessum grundvallarmarkmiðum skipt í fimm efnisþætti; *sjálfstæði, virkni, lífsfyllingu, reisu og umönnun*, með áherslu á að aldraðir þurfi að njóta allra þessara þátta til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins. Mikilvægi þess var undirstrikað með áskorun Sameinuðu þjóðanna um að skapa þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri.

Með bréfi, dags. 29. apríl 1998, skipaði Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, framkvæmdastjórn árs aldraðra til að marka stefnu og hafa umsjón með framkvæmd verkefna á ári aldraðra á Íslandi. Ráðherra gegndi formennsku í framkvæmdastjórninni en skipaðir fulltrúar voru Jón Helgason, oddviti framkvæmdastjórnarinnar, Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara, Jón Snædal, Öldrunarráði Íslands, Hrafn Magnússon, Sambandi almennra lífeyrissjóða og síðar hjá Landssamtökum lífeyrissjóða, Hrefna Sigurðardóttir, forstöðumaður Skógarbæjar, Sigurbjörg Björgvinsdóttir, forstöðumaður Gjábakka, og Hrafn Pálsson, deildarstjóri, fulltrúi heilbrigðisráðherra. Skömmu eftir að framkvæmdastjórnin var skipuð gekk til liðs við hana Unnar Stefánsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri framkvæmdastjórnar var Anna Margrét Jóhannesdóttir, starfsmaður í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hún hætti störfum í ráðuneytinu um miðjan janúar 1999 og við starfi hennar tók Margrét Erlendsdóttir.

Frá upphafi var lögð áhersla á víðtæka samvinnu við undirbúning og skipulag verkefna á ári aldraðra. Því var settur á fót samráðshópur framkvæmdastjórnar árs aldraðra með fulltrúum eftirtalinna stofnana og samtaka: ASÍ, BHM, BSRB, Biskupsstofu, Bændasamtaka Íslands, Félags eldri borgara í Reykjavík, Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu, Íþróttasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Landssambandi lífeyrissjóða, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Ungmennafélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Öldrunarfræðifélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins.

Undirbúningur að ári aldraðra hófst með fundi framkvæmdastjórnarinnar og samráðshópnum sem haldinn var 4. júní 1998. Þar voru lagðar línur að þeim verkefnum sem áhersla skyldi lögð á á árinu, í samræmi við stefnumið Sameinuðu þjóðanna. Ákveðið var að leggja megináherslu á fjóra málaflokka; *heilbrigðismál, mennta- og menningarmál, félagsmál og efnahagsmál*. Settir voru á fót vinnuhópar sem skilgreindu þau markmið sem stefnt skyldi að í hverjum málaflokki. Markmiðin voru kynnt í bæklingi um ár aldraðra sem kom út á alþjóðlegum degi aldraðra 1. október 1998 og var dreift á fundum sem haldnir voru í tilefni árs aldraðra um allt land. Sett markmið voru eftirfarandi:

Heilbrigðismál: Stuðla þarf að heilbrigði aldraðra og auka lífsgæði þeirra sem sjúkir eru. Á ári aldraðra skal unnið að þessu markmiði með því að;

- auka þekkingu og samvinnu þeirra sem vinna að heilbrigðismálum aldraðra
- hvetja til líkamsræktar
- auka aðgengi aldraðra að íþróttamannvirkjum landsins
- huga skipulega að næringu og hreyfingu aldraðra
- auka forvarnir vegna beinþynningar

Mennta- og menningarmál: Meginatriði í mennta- og menningarmálum eru að;

- símenntun nái til aldraðra sem annarra eftir því sem heilsa leyfir
- veita fræðslu um hinar öru tækniframfarir, sérstaklega á sviði samskipta, til að koma í veg fyrir einangrun aldraðra
- halda á lofti þjóðlegum þætti menntunar, menningar og lista á tímum alþjóðavæðingar
- leita leiða til að þekking og reynsla eldri kynslóða komi hinum yngri að gagni

Félagsmál: Mikilvægt er að;

- búa fólk undir starfslok
- koma í veg fyrir félagslega einangrun
- breyta stofnunum í heimili
- vinna með öldruðum en ekki fyrir þá

- byggja félagsstarf á þátttöku og frumkvæði aldraðra sjálfra
- vinna skipulega að fræðslu um breytingar á efri árum
- gera öldruðum kleift að axla ábyrgð og velja og hafna svo lengi sem unnt er

Efnahagsmál: Efla þarf atvinnuþátttöku aldraðra og auðvelda þeim að vinna hlutastörf síðustu æviárin. Auk þess að;

- öldruðum sé gefinn kostur á að laga sig að starfslokum
- þeim sem standa höllum fæti í lífeyrissjóðakerfinu verði veitt félagslegt öryggi
- stuðlað verði að sparnaði til elliáranna
- öldruðum gefist kostur á að nýta sér eignir sínar til þæginda á efri árum
- fjármálaráðgjöf fyrir aldraða verði eflað og fjárhagslegar aðstæður aldraðra kannaðar

Helstu verkefni á ári aldraðra

Ráðstefna í Kópavogi – Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri

Formlega hófst ár aldraðra með ráðstefnu í Kópavogi sem haldin var í samvinnu við ASÍ, BSRB og Landssambands eldri borgara, á alþjóðlegum degi aldraðra 1. október 1998. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri“. Meginviðfangsefnið voru starfslok og umræður um undirbúning einstaklinga og samtaka fyrir starfslok og viðbrögð fólks við þeim. Markmið ráðstefnunnar var að efla umræðuna um þessi mál í þjóðfélaginu og hvetja forustumenn í verkalyðssamtökunum til að láta sig þau varða.

Kynning á stefnumiðum S.þ. – fundir um allt land

Til að kynna stefnumið Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra stóð framkvæmdastjórn árs aldraðra fyrir fundum í öllum kjördæmum landsins fyrri hluta ársins 1999. Fundirnir voru haldnir í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband eldri borgara og verkalyðsfélögin og heimamenn á hverjum stað. Þessi fundahöld tengdust ályktun landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið var á Akureyri í ágúst 1998, en þar voru sveitarfélögin hvött til að standa fyrir átaki í tilefni árs aldraðra 1999. Á fundi stjórnar sambandsins með formönnum og

framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna, sem haldinn var í nóvember sama ár, var mælt til þess við framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna að þeir hefðu forgöngu um að boða til framangreindra funda sem haldnir voru ásamt fagfélögum og félögum eldri borgara á hinum ýmsu stöðum. Jafnframt tóku forustumenn sveitarfélaganna þátt í ýmsum öðrum fundum sem efnt var til á árinu um málefni aldraðra.

Aðsókn á fundina var mjög góð og sóttu þá nokkur þúsund manns um allt land. Haldnir voru átján fundir; í Reykjavík, Reykjanesbæ, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, Borgarnesi og Hnífsdal, á Patreksfirði, í Skagafirði, á Akureyri, Húsavík, Reyðarfirði, Egilsstöðum og Hornafirði. Síðari hluta ársins voru haldnir sambærilegir fundir í Hafnarfirði, Garðabæ, á Hvolsvelli, Akranesi og Hólmavík. Umfjöllunarefni á þessum fundum voru fjölbreytt. Auk kynningar oddvita framkvæmdastjórnar árs aldraðra á stefnumiðum S.þ. í málefnum aldraðra, var á flestum þeirra fjallað ítarlega um efnahagsmál eldri borgara, með áherslu á helstu þætti sem áhrif hafa á ráðstöfunartekjur þeirra, samspil lífeyrisgreiðslna, atvinnutekna og greiðslna almannatrygginga. Heilsuefning aldraðra var meðal umfjöllunarefna á mörgum þessara funda og sömuleiðis var fjallað um þjónustu einstakra sveitarfélaga við aldraða á hverjum stað og rætt um stefnumótun og framtíðarsýn í þeim málum. Formaður Landssambands eldri borgara sótti nær alla fundina og gerði grein fyrir starfi og stefnu Landssambandsins í málefnum aldraðra.

Viðhorfskönnun meðal aldraðra

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og framkvæmdastjórn árs aldraðra fengu Gallup til að gera viðamikla könnun á högum aldraðra og viðhorfum þeirra til margvíslegra mála sem snerta félagslega, andlega og líkamlega velferð fólks, (spurt var um efnahag, húsnaðismál, heilbrigðisþjónustu, fjölskylduhagi, félagsleg tengsl, heilsufar o.m.fl.). Könnunin, sem fór fram í mars 1999, náði til fólks á aldrinum 65 – 80 ára og var um að ræða 1.200 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Meðfylgjandi eru helstu niðurstöður könnunarinnar (sjá viðauka 2) en niðurstöðurnar eru birtar í heild sinni á heimasíðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins: www.htr.stjr.is

Skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um hagi aldraðra

Aldraðir eru afar breiður hópur fólks sem býr við margvíslegar og ólíkar aðstæður. Til að fá yfirsýn og skilning á aðstæðum aldraðra og brýnustu hagsmunamálum þeirra fékk framkvæmdastjórn árs aldraðra Félagsvísindastofnun

Háskóla Íslands til að gera viðamikla úttekt á högum aldraðra. Samantektin var byggð á gögnum sem Félagsvísindastofnun hafði aflað á árunum 1988 – 1999. Niðurstöðurnar eru birtar í skýrslunni *Lífskjör, lífshættir og lífsskoðun eldri borgara á Íslandi 1988–1999. Kynslóðagreining og samanburður milli landa*. Í skýrslunni er fjallað ítarlega um efnahagsleg lífskjör eldri borgara og þau borin saman við kjör annarra aldurshópa, auk samanburðar við aðrar þjóðir. Meðfylgjandi eru helstu niðurstöður samantektar Félagsvísindastofnunar (sjá viðauka 3). Skýrslan er birt í heild sinni á heimasíðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins: www.htr.stjr.is

Þess má jafnframt geta að Tryggingastofnun ríkisins fékk Stefán Ólafsson, prófessor, sem hafði umsjón með gerð skýrslu Félagsvísindastofnunar, til að vinna þetta efni ítarlegar og í framhaldi af því starfi kom út bókin *Íslenska leiðin*. Þar kemur enn þá skýrar fram hverjir eru kostir íslenska velferðarkerfisins og hvar skórinn krepur að, eins og var markmið framkvæmdastjórnarinnar með því að óska eftir samantekt Félagsvísindastofnunar.

Könnun á fjárhagslegum undirbúningi fólks fyrir æviskeiðið eftir starfslok

Gallup vann fyrir VÍB og framkvæmdastjórn árs aldraðra könnun á fjárhagslegum undirbúningi fólks fyrir æviskeiðið eftir starfslok. Könnunin fór fram í janúar 1999 og var gerð meðal fólks á aldrinum 16 – 75 ára. Um var að ræða 1.200 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf fólks til ýmissa þátta tengdum kjörum fólks á eftirlaunaaldri, s.s. hve mikið fólk teldi hæfilegt að hafa í lífeyri á mánuði, hvenær tímabært væri að hætta að vinna og hvort fólk væri byrjað að skipuleggja fjármál efri áranna. Meðfylgjandi eru helstu niðurstöður könnunarinnar (sjá viðauka 4).

Átak gegn beinþynningu

Framkvæmdastjórn árs aldraðra ákvað að beina sjónum að ákveðnu, almennu heilbrigðisvandamáli, sem skipti verulegu máli fyrir aldraða. Af ýmsu er að taka, en beinþynning þótti heppilegt verkefni því þar er svo margt óunnið. Erfitt hefur reynt að beina mikilli athygli að þessu vandamáli því það er þögult svo lengi og kemur oft ekki fram fyrir en á síðustu áratugum ævinnar. Beinþynning veldur þá einkum skerðingu á lífsgæðum, fremur en beinni hættu fyrir heilsufar, þótt þess gæti einnig. Í kjölfarið hófst samvinna við félagið Beinvernd og var fulltrúi framkvæmdastjórnar árs aldraðra gestur á tveimur stjórnarfundum félagsins. Ákveðið var að standa að útgáfu

bæklinga með samvinnu við aðra aðila. Mjólkurdagsnefnd kom að útgáfu bæklinga þar sem athyglinni er einkum beint að mataræði, ekki síst með tilliti til mjólkurafurða, og kom hann út haustið 1999. Í undirbúningi er bæklingur með almennri fræðslu um fyrirbyggjandi aðgerðir við beinþynningu. Alþjóðlegi beinverndardagurinn var 20. október og þann dag var haldin ráðstefna um þau vandamál sem alvarleg beinþynning veldur einstaklingum og samfélaginu öllu.

Rannsóknarstofa í öldrunarfræðum

Rannsóknarstofa í öldrunarfræðum hefur verið í undirbúningi og verður hún formlega stofnuð hinn 30 desember nk. á ári aldraðra. Hún hefur fengið stofnskrá, húsnæði og stjórn og verið er að tryggja fjárhagsgrundvöll hennar. Rannsóknarstofan er í forsjá Háskóla Íslands og Sjúkrahúss Reykjavíkur, en einnig á Öldrunarfræðafélag Íslands fulltrúa í stjórn. Hún á að stuðla að alhliða rannsóknum í öldrunarfræðum.

Íþróttir fyrir aldraða

ÍSÍ hafði samþykkt á þingi sínu árið 1997 að gera átak í íþróttamálum aldraðra og var landssamtökunum *íþróttir fyrir alla* falið að gera tillögur um átaksverkefni á því sviði. Fulltrúar framkvæmdastjórnar árs aldraðra áttu fundi með aðilum frá þessum samtökum og var það einkum tvennt sem ákveðið var að gera sameiginlega og/eða í tilefni af ári aldraðar sérstaklega. Annað var að stuðla að auknu aðgengi aldraðra að íþróttamannvirkjum. Oddviti framkvæmdastjórnar árs aldraðra og forseti Íþróttasambands Íslands sendu sameiginlega bréf til allra sveitarfélaga á landinu með hvatningu um eflingu íþróttar fyrir aldraða með því að gera íþróttamannvirki aðgengileg og að boðið verði upp á íþróttaiðkun við hæfi. Hitt var útgáfa leiðbeiningarabókar fyrir leikfímisiðkun sem enn er í undirbúningi.

Tölvunámskeið fyrir eldri borgara – tilraunaverkefni

Í nóvember 1998 stóðu framkvæmdastjórn árs aldraðra og Viðskipta- og tölvuskólinn fyrir tilraunanámskeiði í tölvukennslu fyrir eldri borgara. Verkefnið naut styrkja frá viðskiptabönkunum þremur; Búnaðarbanka Íslands, Íslandsbanka og Landsbanka Íslands. Námskeiðið fékk vinnuheitið *Að takast á við nútímann. Námskeið í tölvunotkun, námstækni og nýjum viðskiptaháttum*. Námskeiðið, samtals 64 klst., var að fullu niðurgreitt fyrir þátttakendur. Að námskeiðinu loknu var gefin út skýrsla um framkvæmd tilraunaverkefnisins og lagt mat á hvernig til tókst. Skýrslan er skrifuð með það í huga að hún geti gagnast öðrum sem hyggja á tölvukennslu fyrir eldri borgara. Hægt er að nálgast skýrsluna hjá Viðskipta- og tölvuskólanum. Hér á eftir er sagt frá niðurstöðum skýrsluhöfunda í grófum dráttum.

Helstu niðurstöður skýrsluhöfunda:

- Eldri námsmenn hafa aðrar þarfir en yngri námsmenn.

- Eldri námsmenn þurfa lengri tíma en yngri til að læra nýja hluti eins og tölvutækni.
- Þátttakendur vilja fá tækifæri til að æfa oft það sem þeir læra.
- Eldri borgarar hafa nokkra vantrú á námshæfileikum sínum. Það þarf því að hjálpa þeim að yfirstíga þessa „fordóma” og kenna þeim námstækni.
- Mikilvægt er að taka tillit til þess að eldri námsmenn búa yfir mikilli reynslu sem nýtist einnig við námið.
- Nauðsynlegt er að þátttakendur á námskeiðunum hafi aðgang að tölvu á meðan á námskeiðinu stendur til þess að geta æft sig á milli kennslustunda.
- Námskeiðin þarf að skipuleggja þannig að eitt leiði af öðru, þátttakendur hafi alltaf yfirsýn yfir það sem þeir eru að læra og verði ekki óöruggir af því að þeim finnst þeir vera „týndir”.
- Leiðbeinandi þarf að nálgast þátttakendur sína með þolinmæði. Eldri námsmenn biðja oft um hjálp, eru hræddari við að prófa sig áfram og spyrja oft um sömu hluti en flestir yngri námsmenn. Þeir gera sér einnig grein fyrir þessu sjálfir og meta það mikils þegar leiðbeinandinn lætur það ekki trufla sig þótt hann þurfi að svara sömu spurningu í sjöunda sinn.
- Þátttakendur nálguðust tölvuna af miklum áhuga og viðbrögð almennings hafa sýnt að margir eldri borgarar hafa áhuga á að tileinka sér þessa tækni. Okkur sýnist þó ljóst að fjöldi þeirra verði áfram hindraður í að kynna sér tölvutæknina ef þeir verða að greiða sjálfir fullt verð fyrir námskeið í tölvunotkun sem sniðið er að þeirra þörfum.

Tölvukennsla fyrir eldri borgara í nokkrum grunnskólum Reykjavíkur

Snemma á ári aldraðra tókst samstarf milli framkvæmdastjórnar árs aldraðra og Íslands án eiturlyfja um verkefni til að efla tengsl milli ungs fólks og aldraðra. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sýndi málinu áhuga og var ákveðið að koma á tengslum milli grunnskóla borgarinnar og félags- og þjónustumiðstöðva aldraðra og Félags eldri borgara í Reykjavík. Meðal annars var hrint af stað tilraunaverkefni í sex grunnskólum borgarinnar sem fólst í því að nemendur tóku að sér að leiðbeina eldri borgurum um tölvunotkun undir handleiðslu tölvukennara skólanna, sem útbjuggu námsefni og skipulögðu kennsluna. Námsflokkar Reykjavíkur sáu um skráningu

þátttakenda á námskeiðin og greiddu tölvukennurunum laun. Með þessu tókst að bjóða öldruðum tölvukennslu á lágu verði.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur á undanförunum árum staðið fyrir gerð kynningar- og fræðsluefnis undir heitinu *Skóli atvinnulífsins*, þar sem verkefnið miðast við vettvangsferðir nemenda og starfsfræðslu. Á ári aldraðra voru verkefnið tengd öldruðum og þau skipulögð í samvinnu við Félag eldri borgara í Reykjavík, auk annarra félaga og stofnana sem tengjast málefnum aldraðra á einhvern hátt. Teknar voru saman aðgengilegar upplýsingar um þau verkefni sem í boði voru fyrir grunnskólana og um tölvunámskeið grunnskólanna fyrir eldri borgara og voru þær gefnar út í möppu sem fékk heitið *Einum kennt, öðrum bent – skóli fyrir fólk á öllum aldri*. Þessu efni var síðan dreift í grunnskólum borgarinnar og til félags- og þjónustumiðstöðva aldraðra.

Útvarpsþættir um málefni aldraðra

Gott samstarf tókst við Ríkisútvarpið á árinu, sem stóð að margvíslegri umfjöllun um aldraða og málefni þeirra. Í upphafi árs 1999 voru á dagskrá Rásar 1 ellefu útvarpsþættir þar sem fjallað var á breiðum grunni um málefni sem snerta aldraða sérstaklega umfram aðra aldurshópa. Gerð þáttanna var styrkt af framkvæmdastjórn árs aldraðra. Þættirnir fengu heitið *Með hækkandi sól* og umsjónarmaður þeirra var Stefán Jökulsson.

Framkvæmdastjórn árs aldraðra styrkti einnig gerð átta útvarpsþátta sem fluttir voru á Rás 1 á haustmánuðum 1999 undir heitinu *Það er líf eftir lífsstarfið*. Þar ræddi Finnbogi Hermannsson við fólk á efri árum, um starfslok þess og hvernig það hefur hagað lífi sínu eftir að það hætti þátttöku á vinnumarkaði.

Auk fyrrnefndra þátta sem framkvæmdastjórnin styrkti, ber að geta þess að Útvarpið stóð að margvíslegri annarri umfjöllun um málefni sem tengjast öldruðum og er óhætt að segja að ári aldraðra hafi verið þar verið gerð góð skil. Hér má t.d. nefna þáttinn *Samfélagið í nærmynd*, en umsjónarmenn hans efndu margsinnis til umræðu í þættinum þar sem sérstaklega var fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu.

Þá má einnig nefna tvo þætti sem Sjónvarpið lét gera í tilefni af ári aldraðra undir nafninu *Enn að*, og fjölluðu um eldri borgara sem eru enn við vinnu þótt þeir séu komnir yfir sjötugt. Þættirnir voru á dagskrá haustið 1999 og voru kynntir með þessum orðum: „Á þessu ári aldraðra hafa málefni aldraðra verið í brennidepli meðal annars atvinnuþátttaka þeirra. Á Norðurlöndunum er atvinnuþátttaka aldraðra mest á

Íslandi. Margir eru ósáttir við að þurfa að hætta um sjötugt og vilja fá að halda áfram eins og heilsan leyfir.”

Danslagakeppni árs aldraðra og Ríkisútvarpsins

Framkvæmdastjórn árs aldraðra og Ríkisútvarpið efndu sameiginlega til danslagakeppni í tilefni af ári aldraðra. Keppnin fór fram í Óskastundinni, þætti Gerðar G Bjarklind á Rás 1 og bárust yfir tvö hundruð lög í keppnina. Dómnefnd valdi í undanúrslit átta lög sem hún taldi best. Lögin voru útsett af Árna Scheving, tónlistarmanni og leikin inn á geisladisk í flutningi Árna og hljómsveitar hans, ásamt þekktum söngvurum. Keppninni lauk með fjölmennum stórdansleik sem haldinn var á Broadway 21. nóvember og þar réðust úrslit keppinnar. Útvarpað var frá dansleiknum á Rás 1.

Ljósmyndasamkeppni árs aldraðra

Lífið, orkan og árin var yfirskrift ljósmyndasamkeppni sem framkvæmdastjórn árs aldraðra, Hans Petersen og Lesbók Morgunblaðsins efndu til í tilefni ársins. Markmiðið var að fá ljósmyndara til að sýna aldraða í nýju ljósi og brjóta upp hefðbundnar og e.t.v. úreltar hugmyndir almennings um aldraða og stöðu þeirra í samfélaginu. Þátttaka í keppninni var fremur dræm og bárust innan við þrjátíu myndir. Úrval myndanna var birt í Lesbók Morgunblaðsins í lok keppinnar. Þá var afraksturinn sýndur í Borgarleikhúsinu á hátíð sem þar var haldin á degi aldraðra 1. október og veitt verðlaun fyrir þrjár bestu myndirnar.

Trjárækt – mannrækt

Framkvæmdastjórn árs aldraðra og samtökin Ísland án eiturlyfja stóðu sameiginlega að verkefninu *Trjárækt – mannrækt*, sem efnt var til í því skyni að auka samskipti unglunga og eldri borgara. Verkefnið var unnið í samstarfi við Félag eldri borgara í Reykjavík, félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra í Reykjavík og Íþrótt- og tómstundaráð borgarinnar. Tekinn var á leigu landsskiki til skógræktar í Hvammsvík í Hvalfirði og í júní 1999 fóru um hundruð unglingar og eldri borgarar þangað í sameiginlega gróðursetningarferð. Skógræktarfélag Íslands studdi dyggilega við verkefnið, lagði til þúsund trjáplöntur og veitti leiðsögn við gróðursetninguna. Ákveðið hefur verið að halda samstarfinu áfram og gera gróðursetningarferð eins og þessa að árlegum viðburði.

Í framhaldi af þessu verkefni mynduðust góð tengsl milli þeirra félagsmiðstöðva unglinga og eldri borgara sem að því stóðu og var ákveðið að styrkja þau frekar með því að efna til fleiri sameiginlegra verkefna þeirra á milli.

Leikferð um landið

Frístundahópurinn *Hana-nú* í Kópavogi setti á svið leikritið *Smellinn...lífið er bland í poka*, þar sem fjallað var á gamansaman hátt um málefni aldraðra. Undir niðri bjó engu að síður alvara og var leikritið notað til þess að skapa umræðu um stöðu aldraðra í samfélaginu sem sýningargestir tóku þátt í. Hópurinn lagði land undir fót og sýndi *Smellinn* í bæjum og byggðum um allt land. Kópavogsbær styrkti verkefnið myndarlega en margir aðrir komu þar einnig við sögu og m.a. veitti framkvæmdastjórn árs aldraðra styrk til fararinnar.

Útgáfustarfsemi, málþing og ráðstefnur í tengslum við ár aldraðra

Útgáfustarfsemi

Framkvæmdastjórn árs aldraðra leit ekki eingöngu á það sem hlutverk sitt að standa sjálf fyrir verkefnum í tilefni ársins, heldur ekki síður að vekja almenna umræðu um málefni aldraðra og styðja og hvetja aðra til að vinna að verkefnum í þeirra þágu. Í þessu skyni voru veittir styrkir til ýmissa verkefna, meðal annars til útgáfu á ýmsu fræðslu- og kynningarefni. Hér á eftir eru talin ýmis verkefni sem framkvæmdastjórnin styrkti:

Lífeyriskerfi og umönnunartryggingar: Í október 1998 kom út rit um lífeyriskerfi og umönnunartryggingar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Öldrunarráð Íslands og Landssamband eldri borgara stóðu að og var gefið út undir merki árs aldraðra. Í ritinu er að finna erindi um efnahagsmál eftirlaunaþega sem hópur fræðimanna flutti á ráðstefnu Öldrunarráðs Íslands og Landssambands eldri borgara, en hún var haldin að tilstuðlan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, haustið 1997. Með útgáfu ritsins vildi ráðuneytið; „...leggja sitt af mörkum til að örva umræður um fjárhagslegar aðstæður eldri borgara...” eins og segir í formálsorðum

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að ritinu. Í formálsorðum ráðherra kemur fram að ráðuneytið taki ekki afstöðu til þeirra hugmynda sem þar koma fram, en þýðingarmikið sé að fá viðbrögð og hugmyndir eldri borgara um þessi málefni. Höfundar þeirra erinda sem birt eru í ritinu eru; Michael A. Creeton; *Þörfum aldraðra mætt með frjálsum samningum*, Desmond McCarthy; *Stefnumörkun í lífeyrismálum*, Gerd Naegele; *Umönnunartryggingar í Þýskalandi*, Dorthe Höeg; *Velferðar og lífeyriskerfi í Danmörku* og Már Guðmundsson; *Uppbygging íslenska lífeyriskerfisins*.

Líf í réttu ljósi: Fyrir nokkrum árum stóð Sjónstöð Íslands og Ljóstæknifélag Íslands fyrir veggpjaldasýningu sem nefnd var **Líf í réttu ljósi** og fjallaði um mikilvægi lýsingar og ýmis augnvandamál og var sérstök áhersla lögð á augnvandamál aldraðra. Einnig var gefinn út bæklingur um þessi mál. Í tilefni af ári aldraðra var ákveðið að endurvinna þetta efni og gefa bæklinginn út aftur í líttillega breyttri mynd og veitti framkvæmdastjórn árs aldraðra styrk til verkefnisins.

Heyrnarskerðing á efri árum: Talið er að a.m.k. þriðji hver maður yfir sjötugt hér á landi sé félagslega skertur vegna heyrnarskerðingar og þarfnist e.t.v. heyrnartækis. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og framkvæmdastjórn árs aldraðra stóðu sameiginlega að útgáfu veggspjalda og upplýsingabæklings um heyrnarskerðingu á efri árum. Þar er að finna upplýsingar um orsakir og einkenni heyrnarskerðingar, leiðbeiningar til almennings um samskipti við heyrnarskerta, ásamt upplýsingum um hjálpartæki og þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

Af hverju svarar þú ekki afi: Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra minnissjúkra (FAAS) stóð fyrir útgáfu bókarinnar **Af hverju svarar þú ekki afi**. Höfundur bókarinnar, Inga Friis Mogensen, gerði viðamikla rannsókn meðal barnabarna minnissjúkra í Danmörku og byggði hún efni bókarinnar á niðurstöðum þeirrar rannsóknar. Bókin er ekki ætluð börnunum sjálfum til aflestrar heldur ætlast höfundur til þess að fullorðnir lesi hana með börnum og útskýri efnið jafnóðum. Framkvæmdastjórn árs aldraðra veitti styrk til verkefnisins.

Heilabilun - opnum hugann - leitum leiða að bættri líðan: Hópur sjúkraþjálfara sem vinna með öldruðum höfðu frumkvæði að útgáfu upplýsingabæklings um heilabilun ásamt útgáfu fræðsluheftisins **Heilabilun – opnum hugann – leitum leiða**

að bættri líðan. Í inngangi að fræðsluheftinu kemur fram að við gerð bæklingins hafi höfundum orðið ljóst að skortur væri á handhægum upplýsingum á íslensku fyrir þá sem annast heilabílaða með leiðbeiningum um hvernig best sé að annast og umgangast þá. Því hafi verið ráðist í að setja saman fræðsluhefti með efni á þessu sviði sem kæmi bæði lærðum og leikum til góða. Þeir sjúkraþjálfarar sem stóðu að gerð þessa efnis gáfu vinnu sína, en safnað var styrkjum til að standa undir kostnaði við setningu og prentun. Framkvæmdastjórn árs aldraðra var meðal þeirra sem styrktu verkefnisið.

Kynslóðir gegn vímuefnum: Framkvæmdastjórn árs aldraðra og samtökin Ísland án eiturlyfja stóðu sameiginlega að útgáfu veggspjaldsins **Treystum böndin**. Tilgangurinn með útgáfu þess var að benda öldruðum á hve veigamiklu hlutverki þeir geta gegnt í lífi barna og unglunga með því að vinna traust þeirra og trúnað. Það var sameiginlegt álit þeirra sem að þessu verkefni komu að þótt markmið Íslands án eiturlyfja og framkvæmdastjórnar árs aldraðra virtust fljótt á litið eiga fátt sameiginlegt hafi annað komið á daginn. Til að stuðla að samstöðu kynslóðanna, sem er eitt af grundvallarmarkmiðunum á ári aldraðra, sé nauðsynlegt að efla og bæta samskipti ungra og aldraðra. Með samvinnu og samráði gefist ækifæri til að auka þekkingu ungra og aldraðra á lífi og menningu hvors hóps um sig. Takist vel til að brúa kynslóðabilið sé það mikilvægur áfangi í vímuvarnarstarfi og sameiginlegt hagsmunamál allra.

Heilræði fyrir fólk á besta aldri: Slysavarnarfélag Íslands stóð fyrir útgáfu bæklinga með hagnýtum upplýsingum og ráðleggingum til eldri borgara um forvarnir gegn slysum. Bæklingnum var dreift til eldri borgara um allt land og haldnir voru kynningarfundir um efnið með fulltrúum slysavarnarfélaga.

Öldrun - tímarit fagfólks um öldrunarmálefni: Undirnefnd framkvæmdastjórnar árs aldraðra, þar sem m.a. sat fulltrúi Öldrunarfræðafélags Íslands, hafði áhuga á því að farið væri af stað með tímarit fagfólks um öldrunarmálefni. Þetta gekk eftir og hafa á þessu ári komið út tvö tölublöð tímaritsins Öldrun, hið fyrra helgað ári aldraðra með ávarpi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra m.a.

Málþing og ráðstefnur í tilefni af ári aldraðra:

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 1999: Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl var að þessu sinni helgaður öldruðum. Í tilefni þess stóð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fyrir opnum fundi í Salnum í Kópavogi, þar sem fjallað var um nýsköpun á efri árum. Heiðursgestur samkomunnar var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.

Dagur aldraðra, 1. október: 1. október er ár hvert tileinkaður öldruðum. Framkvæmdastjórn árs aldraðra stóð fyrir hátíðardagskrá í Borgarleikhúsinu 1. október 1999 í tilefni dagsins, en þegar hér var komið sögu var rétt ár síðan vinna að verkefnum vegna árs aldraðra hófst formlega, með ráðstefnunni í Kópavogi. Um fimm hundruð manns tóku þátt í hátíðarhöldunum og hlýddu á erindi Ingibjargar Pálmadóttur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jóns Helgasonar, oddvita framkvæmdastjórnar árs aldraðra og Benedikts Davíðssonar, formanns Landssambands eldri borgara sem litu yfir farinn veg og ræddu um hvað áunnist hefði á ári aldraðra og að hverju bæri að stefna í framtíðinni. Einnig flutti erindi á hátíðinni fulltrúi ungu kynslóðarinnar, Katrín Jakobsdóttir, sem fjallaði á snjallan hátt um stöðu aldraðra fyrr og nú og velti fyrir sér hvaða framtíð bíður þeirra sem nú eru ungir þegar þeir komast í tölu aldraðra eftir u.þ.b. hálfu öld. Heiðursgestur hátíðarinnar var elsti Íslendingurinn, frú Kristín P Sveinsdóttir.

Veraldarganga 2. október: Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hvatti til þess að 2. október 1999 yrði efnt til fjöldagöngu undir merkjum árs aldraðra um víða veröld (e. The Global Embrace) fyrir fólk á öllum aldri. Tilgangurinn var að hvetja til virkni og aðgerða sem stuðla að heilbrigðri öldrun og jafnframt að tengja saman kynslóðir. Talið er að ganga sem þessi hafi verið skipulögð í mörg hundruð borgum og bæjum í yfir fimmtíu löndum. Hér á landi voru göngur skipulagðar á a.m.k. tveimur stöðum, að frumkvæði áhugahóps um íþróttir fyrir aldraða.

Hvað er öldrun? Framkvæmdastjórn árs aldraðra veitti styrk vegna ráðstefnunnar *Hvað er öldrun* sem Bandalag kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði stóðu fyrir í mars 1999. Á ráðstefnunni var m.a. reynt að skilgreina hugtakið öldrun, fjallað um afleiðingar öldrunar, um sjálfshjálp, um forvarnir við sjúkdómum sem oft eru

fylgifyskar öldrunar og um ábyrgð einstaklingsins á eigin velferð og vellíðan á efri árum.

Málþing Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um sjálfsákvörðunarrétt aldraðra: Framkvæmdastjórn árs aldraðra fór þess á leit við forsvarsmenn Háskóla Íslands að á vegum skólans væri fjallað sérstaklega um málefni aldraðra og haldin námskeið eða efnt til viðburða sem líklegir væru til að höfða til eldra fólks og auka tengsl þess við skólann. Vel var tekið í þessa málaleitan og ákveðið að að þessu sinni yrði árlegt málþing Siðfræðistofnunar Háskólans haldið með þetta að leiðarljósi. **Sjálfsákvörðunarréttur aldraðra** var yfirskrift málþingsins og hafði Siðfræðistofnun H.Í. samráð við framkvæmdastjórn árs aldraðra og Félag eldri borgara í Reykjavík við undirbúning þess. Rætt var um sjálfsákvörðunarrétt út frá þeirri grundvallarforsendu að það sé einn helgasti réttur hvernar manneskju að ráða eigin málum. Rætt var almennt um stöðu aldraðra í ljósi þessa réttar, hvort hann sé nógu vel virtur þegar aldraðir eiga í hlut og hvernig megi varðveita og efla sjálfræði aldraðra. Málþingið var haldið 26. nóvember 1999.

Opið hús á öldrunarlækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur: Dagana 19. og 20. september sl. var opið hús á öldrunarlækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur í tilefni af ári aldraðra. Almennungi gafst kostur á að skoða starfsemina og fræðast um hana en einnig gat þar að líta spjöld með margvíslegum upplýsingum, s.s. fræðslu um heilbrigði og sjúkdóma, kynningu á ýmsum vísindaverkefnum og kynningu á starfi margra aðila sem eiga samstarf við sjúkrahúsið. Forseti Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fleiri ávörpuðu gesti í upphafi, en alls komu á annað þúsund manns þá tvo daga sem opið var.

Aðgerðir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á ári aldraða

Auk þess sem sérstaklega hefur verið unnið á vegum framkvæmdanefndarinnar eins og að ofan er getið, skal einnig bent á *endurskoðun laga um málefni aldraðra og breytingu á almannatryggingum*.

Lög um málefni aldraðra nr. 82/1989 hafa verið endurskoðuð og frumvarp þess efnis lagt fyrir Alþingi. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að auka þátttöku aldraðra í ákvörðunum um málefni þeirra.

- Með lögum nr. 149/1998, sem tóku gildi 1. janúar 1999 var frítekjumark tekjutryggingar hækkað hjá öllum hópum nema einhleypingum með ellilífeyri. Með lögnum var frítekjumark hjóna, sem bæði eru ellilífeyrisþegar, hækkað úr 28.156 kr. í 40.224 kr. Einnig er í lögnum tekið sérstakt tillit til þess ef annað hjónanna er ellilífeyrisþegi en hitt útvinnandi. Fyrir setningu laganna var slíkur bótaþegi meðhöndlaður eins og einhleypingur með 20.112 kr. frítekjumark, en nú er gert ráð fyrir 50% viðbót vegna maka þannig að frítekjumarkið nemur 30.168 kr.
- Áfram er óbreytt frítekjumark fyrir ellilífeyrisþega vegna hugsanlegra tekna úr lífeyrissjóði, en það nemur kr. 9.104 fyrir einhleypinga og kr. 6.374 fyrir hvort hjóna. Frítekjumörk þessi koma til viðbótar almennum frítekjumörkum, sem að ofan var getið.
- Með reglugerð nr. 204/1999 voru vasapeningar vistmanna á stofnunum hækkaðir um 35%, úr 12.535 kr. í 16.829 kr. Upphæð vasapeninga fylgir nú bótaupphæð grunnlífeyris almannatrygginga og verður það lágmark sem vistmönnum er tryggt inni á stofnunum.
- Með reglugerð nr. 205/1999 var ákveðið að hækka bætur elli- og örorkulífeyris um 7%.
- Um síðustu áramót breyttust reglur um þátttöku TR í kostnaði við tannlækningar. Meðal breytinga eru þessar:
- Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hafa ekki tekjutryggingu, fá nú 50% af kostnaði, var áður 0.
- Elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu fá nú 75% af kostnaði, var áður 50%.
- Elli- og örorkulífeyrisþegarm, sem eru langsjúkir og njóta ekki vasapeninga, fá nú 100%, var áður 75%.

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum árið 1981. Sjóðurinn hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um land allt og að byggingu húsnæðis fyrir aldraða en einnig er heimilt að veita úr sjóðnum styrk til ýmissa annarra verkefna sem sjóðsstjórn mælir með og heilbrigðisráðherra samþykkir. Árlega eru veittir allmargir styrkir úr sjóðnum til ýmissa smærri verkefna, en á ári aldraðra hafa verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt verið mun fleiri en ella, einkum á sviði rannsókna og kannana á högum aldraðra.

Stefnumótun í málefnum aldraðra til næstu 15 ára: Miklar upplýsingar liggja nú fyrir um hagi aldraðra. Þær gera m.a. kleift að greina ýmsan vanda meðal aldraðra og vísa á leiðir til úrbóta. Ríkisstjórnin hefur að tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið að stofna stýrihóp sem fær það hlutverk að móta víðtæka stefnu í málefnum aldraðra til næstu fimmtán ára og er auðsætt að allar þær upplýsingar sem aflað hefur verið á ári aldraðra munu koma að góðu gagni í starfi hópsins.

Ár aldraðra – mat á árangri

Markmið alþjóðlegs árs aldraðra hefur verið kynnt undir kjörorðinu „þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri“. Róm var ekki byggð á einni nóttu og það var alltaf ljóst að markmiðum Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra yrði ekki náð á einu ári, enda var það ekki tilgangurinn. Árangurinn byggist á því að breyta viðhorfum samfélagsins til aldraðra, og að hafa áhrif á viðhorf aldraðra sjálfra með áherslu á að hvetja þá til virkrar þátttöku á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Síðast en ekki síst er mikilvægt að undirstrika og skapa skilning á því að málefni aldraðra eru málefni alls samfélagsins sem varða fólk á öllum aldri. Örar þjóðfélagsbreytingar gera kröfu um stöðugt endurmat þeirra gilda sem ríkjandi eru á hverjum tíma. Gildi hugsunarinnar sem felst í óskinni um þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri mun þó ávallt standa í góðu gildi, en leiðirnar að markmiðinu munu óhjákvæmilega breytast í tímans rás.

Það tekur tíma að breyta viðhorfum fólks og erfitt er að mæla árangur í þeim efnum. Mat á þeim árangri sem náðst hefur hér á landi á ári aldraðra er því ekki auðmældur. Trúlega skiptir þar mestu máli sú athygli sem tekist hefur að vekja á

málefnum aldraðra sem endurspeglast í aukinni umræðu í þjóðfélaginu, meðal almennings, félaga, stofnana og samtaka og ekki síst stjórnámálanna, á stöðu aldraðra og mikilvægi þeirra í samfélaginu. Í þessu sambandi má vísa til mikillar umfjöllunar um þessi mál í fjölmiðlum á ári aldraðra og þess má einnig geta að fyrir alþingiskosningarnar, vorið 1999, gerðu allir stjórnámaflokkarnir málefni aldraðra að sérstöku umfjöllunarefni.

Að ákvörðun ríkisstjórnarinnar var á ári aldraðra stofnuð samráðsnefnd stjórnvalda og samtaka aldraðra. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar Landssambands eldri borgara, fyrir hönd samtaka félaga eldri borgara um allt land, ásamt félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem stýrir fundum nefndarinnar. Í skipunarbréfi kemur fram að nefndin skuli hafa til umfjöllunar breytingar á lögum og önnur helstu atriði sem varða hag aldraðra sérstaklega. Í nefndinni munu einnig gefast tækifæri til að fjalla um stefnu stjórnvalda í málefnum aldraðra og fulltrúum aldraðra gefast kostur á að koma á stefnu sinni á framfæri við stjórnvöld. Þá er þess getið í skipunarbréfinu að samráðsnefndin geti stofnað undirnefndir til að fjalla um einstaka málaflokka

Árið 1999 voru liðin 10 ár frá stofnun Landssambands eldri borgara, sem eru n.k. regnhlífarsamtök félaga eldri borgara. Fimm ný félög eldri borgara voru stofnuð á árinu og innan vébanda Landssamtakanna eru nú 53 félög. Á skömmum tíma hafa eldri borgarar styrkt stöðu sína og skapað öflug hagsmunasamtök sem koma málefnum þeirra á framfæri svo eftir því er tekið. Starfsemin er einnig sterk innan Landssambands eldri borgara og félaga þess, bæði á sviði tómstundastarfs og annarrar afþreyingar, en ekki síður því sem snýr að fræðslu fyrir aldraða. Á þeirra vegum hefur t.d. verið efnt til funda með fulltrúum stjórnámaflokkanna og þeir krafðir svara um stefnu í málefnum aldraðra. Nefna má sérstaklega málþingið „*Eldri ökumenn í umferðinni*“, sem Landssamband eldri borgara, Félag eldri borgara í Reykjavík og Umferðarráð héldu í nóvember og um þrjú hundruð manns sóttu. Margt fleira mætti telja.

Að undanförunu hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að koma á sveigjanlegum starfslokum og það er jafnframt eitt af markmiðum Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra. Sömuleiðis hefur verið lögð áhersla á að mikilvægt sé að búa fólk undir starfslok og aðstoða það við að laga sig að breyttum aðstæðum sem starfslokum fylgja. Verkalýðshreyfingin hefur töluvert sinnt þessu máli og staðið

fyrir námskeiðum um starfslok og Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur skipulagt slík námskeið fyrir fólk um allt land.

Í október 1999 var haldin norræna ráðstefnan „*Eldra fólk og vinnumarkaðurinn*” á Hótel Loftleiðum í Reykjavík. Ráðstefnan var styrkt af norrænu ráðherranefndinni en að henni stóðu Landssamband eldri borgara og Vinnumálastofnun. Markmið með ráðstefnunni var að meta þarfir eldra fólks á vinnumarkaði og vekja umræðu um þörf fyrir stefnu og aðgerðir sem styrkt geta atvinnuþátttöku eldra fólks. Í ávarpi að ráðstefnunni sem Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar flutti, gerði hann að umtalsefni stöðu aldraðra á vinnumarkaði í nágrennalöndum okkar, þar sem stjórnvöld hafa reynt að bregðast við miklu atvinnuleysi með því að lækka stöðugt eftirlaunaaldurinn. Þróun mannfjölda og aldersdreifing hafi hins vegar sýnt að þessi leið hafi ekki reynst haldgóð í baráttunni gegn atvinnuleysi. Gissur benti á að hér á landi hefði þessi þróun ekki verið eins hröð og að Ísland skæri sig úr vegna mikillar þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði. Á ráðstefnunni var m.a. kynnt stefna og aðgerðir stjórnvalda í þessum málum í Finnlandi og Danmörku. Þá var gerð grein fyrir atvinnuástandi og stöðu eldra fólks á vinnumarkaði hér á landi, sagt frá íslenskrri könnun á viðhorfum atvinnulauss fólks 60 ára og eldri, rætt um viðhorf atvinnurekenda til ráðninga eldra fólks og kynnt stefna stjórnvalda og framtíðarsýn í málefnum eldra fólks og vinnumarkaðarins.

Á ári aldraðra hefur verið lögð áhersla á að brúa bilið milli kynslóða, auka samskipti ungs fólks og aldraðra og efla gagnkvæman skilning og virðingu þessara aldurshópa. Efnt hefur verið til nokkurra tilraunaverkefna í þessu skyni, sbr. tengsl sem stofnað hefur verið til á milli félagsmiðstöðva eldri borgara og unglinga í Reykjavík og einnig milli grunnskóla borgarinnar og eldri borgara. Ein og sér hafa þessi verkefni e.t.v. ekki mikla þýðingu. Hins vegar skapa þau fordæmi og geta, þegar vel tekst til, orðið öðrum hvatning til þess að efna til sambærilegra verkefna. Þetta hefur þegar orðið raunin og virðist hafa ýtt undir áhuga á því að nýta þessar leiðir í auknum mæli til að efla samskipti ungs fólks og aldraðra. Þá er það ótvíræður kostur við verkefni af þessu tagi að þau eru frekar einföld í framkvæmd, þurfa ekki að kosta mikið og auðvelt ætti að vera að standa fyrir slíkum verkefnum í sveitarfélögum um allt land.

Ábendingar framkvæmdastjórnar árs aldraðra

Í þessari skýrslu hefur einkum verið fjallað um helstu verkefni sem unnið hefur verið að í tilefni af ári aldraðra og framkvæmdastjórn árs aldraðra hefur komið að á einhvern hátt. Einnig hefur verið getið um ýmis önnur verkefni sem unnið hefur verið að í þágu aldraðra á vegum ýmissa stofnana og félagasamtaka. Sú umfjöllun er hins vegar alls ekki tæmandi. Margir fleiri sem ekki er getið um hér, hafa lagt málefnum aldraðra lið á árinu og er það von framkvæmdastjórnar árs aldraðra að allir þeir sem láta sig þessi mál varða haldi starfi sínu áfram á komandi árum.

Eins og fram hefur komið lagði framkvæmdastjórn árs aldraðra áherslu á að safna upplýsingum um stöðu aldraðra til að auka þekkingu á högum þeirra og greina þau vandamál sem brýnast er að taka á. Með þessar upplýsingar í farteskinu ætti öll vinna að úrbótum að verða markvissari og sömuleiðis auðvelda þær stefnumótun til lengri tíma í málefnum aldraðra.

Ákveðin vandamál eru öllum ljós og brýnt að leysa úr þeim sem allra fyrst. Þar ber hæst skortur á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða, en sá vandi er að mestu leyti bundinn við höfuðborgarsvæðið. Stefnt hefur verið að því að stytta biðtíma eftir hjúkrunarrými þannig að hann verði aldrei lengri en 90 dagar. Þetta markmið hefur enn ekki náðst. Hins vegar eru nú í sjónmáli ýmsar framkvæmdir á stofnunum í Reykjavík og nágrenni (stækkun og endurbætur) og verði þær allar að veruleika mun það stytta biðlista verulega á næstu tveimur árum. Þá eru einnig í undirbúningi stærri verkefni, þ.e. bygging nýrra hjúkrunarheimila, en reikna má með að þær framkvæmdir taki tvö til þrjú ár. Miklu máli skiptir að staðið verði við þau áform sem nú er verið að móta, því öldruðum sem þurfa á hjúkrunarheimilisvist að halda mun fjölga jafnt og þétt næstu áratugi.

Eins og fram kemur í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands; *Lífskjör, lífshættir og lífsskoðun eldri borgara á Íslandi 1988 – 1999*, má almennt segja að eldri borgarar njóti efnahagslegra lífskjara sem eru sambærileg við það sem best þekkist á Norðurlöndum. Verulega hefur dregið úr fátækt meðal eldri borgara á Íslandi á síðustu 10 árum og munar þar mestu um sívaxandi réttindi nýrra eftirlaunaþega sem hafa aflað sér góðra lífeyrisréttinda í starfstengdum lífeyrissjóðum. Hins vegar kemur fram í skýrslunni að þeir eldri borgarar sem ekki geta aflað sér atvinnutekna og njóta ekki greiðslna úr starfstengdum lífeyrissjóðum, heldur byggja afkomu sína eingöngu á bótum almannatrygginga, búa oft við þröngan

kost. Þetta á einkum við um eldri hlutann í hópi aldraðra og á frekar við um konur en karla (sjá nánar viðauka 3). Framkvæmdastjórn árs aldraðra leggur áherslu á að staða þessa hóps verði skoðuð sérstaklega og hún bætt. Eins er athygli vakin á því að á síðastliðnum fimm árum (1995 – 1999) hafa tekjur eldri borgara ekki haldið í við tekjuþróun á vinnumarkaði og hækkað markvert minna en tekjur annarra þjóðfélagshópa. Á móti má þó benda á að tekjur eldri borgara eru stöðugri en tekjur fólks á vinnumarkaði, því eins og fram kemur í skýrslu Félagsvísindastofnunar lækkuðu tekjur eldri borgara ekki jafn mikið í niðursveiflunni í kjölfar síðasta góðæris 1987 – 1989 og tekjur þeirra sem eru að fullu virkir á vinnumarkaði.

Framkvæmdastjórn árs aldraðra bindur vonir við að stýrihópurinn sem ákveðið hefur verið að koma á laggirnar til að móta framtíðarstefnu í málefnum aldraðra, geti nýtt sér þær upplýsingar sem safnað hefur verið á ári aldraðra og haft hliðsjón af þeim ábendingum sem hér hafa komið fram. Þá er æskilegt að stýrihópurinn ýti undir áframhaldandi vinnu að þeim verkefnum sem stofnað hefur verið til á árinu. Má þar nefna verkefni eins og heilsueflingu aldraðra, forvarnarstarf af ýmsu tagi, símenntun fyrir aldraða og verkefni sem miða að því að efla samskipti kynslóðanna.

Framtíðarsýn

Frá árinu 1950 hefur öldruðum á Íslandi fjölgað hlutfallslega meira en öðrum aldurshópum, eða um 2,3% að jafnaði á ári. Hlutfall fólks á vinnualdri, á móti hverjum, ellilífeyrisþega er nú um 6,6 en árið 2030 spáir Hagstofa Íslands því að þetta hlutfall verði komið í 3,3. Ljóst er að þessi mikla breyting á aldurssamsetningu þjóðarinnar mun hafa víðtæk áhrif á þjóðfélagið allt og má þar nefna almannatryggingar, heilbrigðismál, lífeyrissjóði, fjármálamarkaðinn, vinnumarkaðinn, húsnæðismál og félagslega þjónustu. Með þetta í huga lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til við ríkisstjórnina að stofnaður yrði stýrihópur til að móta stefnu í málefnum aldraðra til næstu fimmtán ára og var það samþykkt. Hópnum er ætlað að greina þá málaflokka sem ætla má að fyrirsjáanlegar breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar hafi mest áhrif á, leggja mat á stöðuna í hverjum málaflokki fyrir sig og meta hvort nauðsynlegt sé að mæta þessum áhrifum með breyttum áherslum. Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn kalli til liðs við sig

sérstakan samráðshóp sem m.a. verði skipaður fulltrúum hagsmunaaðila atvinnulífs, lífeyrissjóða og sveitarfélaga.

Framkvæmdastjórn árs aldraðra telur mikilvægt að auka símenntun fyrir aldraða. Einkum telur hún nauðsynlegt að gera öldruðum kleift að taka þátt í „upplýsingasamfélaginu“, með því að styðja þá við að tileinka sér þá kosti sem tölvutæknin hefur upp á að bjóða í samskiptum, upplýsingamiðlun og þekkingaröflun. Þá leggur framkvæmdastjórnin áherslu á að áfram verði með öllum ráðum reynt að auka samskipti milli kynslóða. Heppilegt er að nýta til þess skólakerfið og er æskilegt að því sé sinnt á öllum skólastigum. Þetta getur verið mikilvægur liður í því að vinna gegn félagslegri einangrun aldraðra og stuðlað að gagnkvæmum skilningi og virðingu kynslóðanna.

Að lokum vill framkvæmdastjórn árs aldraðra ítreka að því starfi sem fram hefur farið á ári aldraðra, er fyrst og fremst ætlað að vera vegvísir til framtíðar. Þar skipta máli fordæmi góðs árangurs einstakra verkefna sem unnið hefur verið að, en sérstaklega þó viðamiklar kannanir á högum aldraðra sem gerðar hafa verið á árinu. Með þeim hefur verið sýnt fram á hvað helst þarf að bæta og lagður grunnur að stefnumótun til framtíðar.

Viðauki 1

Stefnumið Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra

16. desember 1991 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun 46/1991 um stefnumið Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra til að bæta lífi við árin sem bæst hafa við lífið. Stjórnvöld, hver í sínu landi, voru hvött til að taka upp þessi stefnumið við fyrstu hentugleika.

Sjálfstæði

Stefnt skal að því að aldraðir;

- geti aflað sér nægilegs matar, vatns, heppilegs húsaskjól, fatnaðar og viðeigandi heilsugæslu með opinberum bótum, félagslegri aðstoð og fyrir eigin atbeina
- eigi þess kost að stunda vinnu eða afla sér tekna með öðrum hætti
- fái sjálfir að taka þátt í að ákveða hvenær og hve hratt þeir hætta þátttöku á vinnumarkaði
- geti búið á stöðum sem veita þeim öryggi og þar sem jafnframt er hægt að laga aðstæður að persónulegum þörfum og breytilegri líkamsgetu þeirra
- geti búið heima hjá sér eins lengi og kostur er

Virgni

Stefnt skal að því að aldraðir;

- haldi áfram þátttöku í þjóðfélaginu, taki virkan þátt í stefnumótun og framkvæmd mála sem hafa bein áhrif á afkomu þeirra og deili þekkingu sinni og hæfileikum með yngri kynslóðum
- eigi þess kost að þjóna samfélaginu og starfa sem sjálfbóðaliðar að málum sem henta áhugasviðum þeirra og getu
- geti stofnað samtök eða félög aldraðra

Umönnun

Stefnt skal að því að aldraðir;

- fái notið félagslegrar aðstoðar og verndar í samræmi við menningarmat þess þjóðfélags sem viðkomandi býr í
- eigi kost á heilsugæslu til að viðhalda andlegri og líkamlegri heilsu, eða til að endurheimta hana eftir því sem kostur er og til að hindra eða tefja fyrir sjúkdómum
- geti komist á viðeigandi umönnunarstofnun til að njóta þar öryggis, endurhæfingar og félagslegrar og andlegrar örvunar í mannúðlegu og tryggju umhverfi
- fái notið mannréttinda og grundvallarfrelsis þegar þeir flytjast á umönnunarstofnun. Þar skal tekið fullt tillit til mannlegrar reisnar þeirra, trúarskoðana, líkamlegra og andlegra þarfa, einkalífs og réttar þeirra til að taka ákvarðanir um umönnunina og hvernig lífi þeirra skuli háttað

Lífsfylling

Stefnt skal að því að aldraðir;

- eigi þess kost að þroska og nýta hæfileika sína til fulls
- geti tekið þátt í námskeiðum, menningarviðburðum, trúarlegum samkomum og öðru félagslífi sem býðst í þjóðfélaginu

Reisn

Stefnt skal að því að aldraðir;

- geti haldið reisn sinni og búið við öryggi og þurfi ekki að óttast misnotkun, hvorki andlega né líkamlega
- njóti sanngirni í viðmóti án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, heilsufars eða efnahags

Viðauki 2

Helstu niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal aldraðra (65 – 80 ára). Unnin af Gallup fyrir framkvæmdastjórn árs aldraðra í mars 1999¹. Helstu niðurstöður:

Ríflega 83 af hundraði eru almennt ánægðir með lífið þessa stundina, á meðan tæplega 7 af hundraði eru óánægðir með lífið.

Síðustu 12 mánuði hafa ríflega $\frac{3}{4}$ hlutar svarenda verið fullfrískir eða frískir að mestu leyti en tæplega fjórðungur hefur verið veikur.

Liðlega 19% svarenda hafa lagst inn á sjúkrahús á síðastliðnum 12 mánuðum. Af þeim lögðust tæp 72% einu sinni inn. Meðalfjöldi innlagna var 1,83.

Tæplega 93% þeirra sem lögðust inn á sjúkrahús segjast hafa fengið mjög eða frekar góða þjónustu á sjúkrahúsinu. Liðlega 3% segjast hafa fengið frekar slæma þjónustu, en athygli vekur að enginn segist hafa fengið mjög slæma þjónustu.

Ríflega 40% nefndu að allt væri gott við þjónustuna en tæplega 39% sögðu að starfsfólkið eða viðmót þess hafi verið það sem þótti gott við þjónustuna.

Tæplega 68% svarenda segjast nota lyf reglulega. Ríflega 55% þeirra nota eina eða tvær lyfjategundir reglulega. Ríflega 20% svarenda nota fimm tegundir eða fleiri. Tæplega 3 lyfjategundir eru notaðar reglulega að meðaltali.

Slétt 64% segjast hafa farið á heilsugæslustöð á síðastliðnum 12 mánuðum. Meirihluti þeirra, eða 53% hefur farið einu sinni eða tvisvar. Ríflega 32% hafa farið fimm sinnum eða oftar. Meðalfjöldi heimsóknna á heilsugæslustöð er 2,9, en 4,5 hjá þeim sem einhvern tíma hafa farið á heilsugæslustöð á síðastliðnum 12 mánuðum.

Ríflega 94% fengu góða þjónustu í síðustu heimsókn sinni á heilsugæslustöð. Einungis ríflega 1% fékk slæma þjónustu.

Tæplega 37% segja að heilbrigðisþjónustan hafi batnað á síðustu fimm árum, en nærri 23% segja hins vegar að heilbrigðisþjónustan hafi almennt versnað. Fjórðungur tekur ekki afstöðu.

Þegar spurt er hvað hafi batnað í heilbrigðisþjónustunni segir stærsti hópurinn, ríflega 35%, að aðgengi að læknum hafi batnað. Tæplega 22% nefna hæfara starfsfólk, ríflega 18% nefna aukna þjónustu og meira en 12% öruggari tæki. Ríflega 21% nefna önnur atriði til sögunnar.

Þegar spurt er hvað hafi versnað við heilbrigðisþjónustuna, nefnir stærsti hópurinn, eða tæplega 46% verra aðgengi að læknum. Ríflega 16% nefna meiri biðtíma, sama hlutfall nefnir lélegri þjónustu og rúmlega 14% nefna að þjónustan sé dýrari. Önnur atriði eru nefnd sjaldnar.

¹ Höfundar skýrslunnar eru; Þóra Ásgeirsdóttir, Matthías Þorvaldsson og Þorlákur Karlsson

Af þeim sem tóku afstöðu segja ríflega 36% að heilbrigðisþjónustan sé ódýr. Ríflega 39% segja heilbrigðisþjónustuna hins vegar dýra.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðu ríflega 28% að það kostaði minna en 700 kr. að fara til heilsugæslulæknis fyrir aðra en eldri borgara. Tæplega 29% sögðu hins vegar að það kostaði meira en 700 kr. Að meðaltali taldi fólk að það kostaði 770 kr. að fara til heilsugæslulæknis fyrir aðra en eldri borgara.

Sjö af hundraði þeirra sem tóku afstöðu sögðu að það kostaði minna en 300 kr. að fara til heilsugæslulæknis fyrir eldri borgara. Minna en 17% sögði hins vegar að það kostaði meira en 300 kr. Að meðaltali taldi fólk að það kostaði 355 kr. fyrir eldri borgara að fara til heilsugæslulæknis.

Tæplega 63% svarenda eru giftir eða í sambúð. Tæplega 70% þeirra segja að maki sinn hafi verið frískur síðastliðna 12 mánuði.

Slétt 17% aðspurðra (eða maki) fá heimilishjálp. Tæplega 35% þeirra sem fá heimilishjálp fá hana 1 tíma á viku. Ríflega 32% fá heimilishjálp 3 – 4 tíma á viku. Þeir sem fengu heimilishjálp fengu hana að meðaltali 2,3 tíma á viku.

Ríflega 79% telja þá heimilishjálp sem þeir fá vera nægjanlega. Tæplega 13% þeirra sem ekki fá heimilishjálp í dag telja sig þurfa á henni að halda. Nærri 14% þeirra sem telja sig þurfa heimilishjálp segjast hafa sótt um hana.

Fjórir af hundraði (eða makar þeirra) fá heimahjúkrun. Ríflega 53% þeirra svarenda (eða makar þeirra) sem fá heimahjúkrun fá hana í eina klst. á viku. Meðalstundafjöldi í heimahjúkrun er 3,1 klst. á viku. Tæplega 87% þeirra sem njóta heimahjúkrunar telja hana nægjanlega. Tveir af hundraði þeirra sem ekki njóta heimahjúkrunar í dag telja sig, eða maka sinn, þarfnast heimahjúkrunar. Enginn þeirra sem telja sig þurfa á heimahjúkrun að halda og ekki njóta hennar í dag hefur sótt um hana.

Ríflega 91% svarenda býr í eigin húsnæði. Nálega 44% þeirra sem búa í leiguíbúð leigja á almennum markaði. Ríflega 56% búa hins vegar í íbúð í eigu sveitarfélags eða félagasamtaka. Nærri 37% svarenda hafa búið í núverandi húsnæði í 10 ár eða skemur. Tæplega 48% hafa búið í núverandi húsnæði lengur en 20 ár. Svarendur hafa búið að meðaltali í 22 ár í sama húsnæði. Liðlega 48% svarenda búa í 100 fm. húsnæði eða minna. Tæplega 31% búa í íbúðum stærri en 120 fm. Meira en 13% búa í íbúð sem er sérhönnuð fyrir eldri borgara.

Tæplega 32% svarenda búa ein. Meðalíbúafjöldi á heimili er 1,9. Nærri 19% svarenda telja líklegt að þeir skipti um húsnæði á næstu fimm árum. Tæplega 71% telja það á hinn bóginn mjög ólíklegt að þeir skipti um húsnæði á næstu fimm árum. Slétt 69% þeirra sem telja líklegt að þeir muni skipta um húsnæði á næstu fimm árum segjast vilja kaupa húsnæði.

Ríflega 74% þeirra sem tóku afstöðu sögðust komast ferða sinna frá heimilinu á heimilisbílnum. Rúmlega 14% ferðast gangandi og liðlega einn af hverjum tíu ferðast í bíl sem börnin aka. Færri nefna aðra þætti. Tæplega 33% þeirra sem ekki hafa bíl á heimilinu eða hafa takmarkaðan aðgang að heimilisbílnum segjast myndu vilja komast oftar ferða sinna frá heimilinu.

Ríflega 26% svarenda eru í launaðri vinnu. Þeir sem eru í launaðri vinnu vinna að meðaltali 36,7 klst. á viku. Tæplega 35% þeirra sem taka afstöðu vinna 30 stundir eða færri í viku hverri.

Ríflega 63% finnst hæfilegt að hafa 100 þús. kr. eða minna til ráðstöfunar á mánuði. Meðaltal þess sem talið er hæfilegt til ráðstöfunar á mánuði er 125.500 kr.

Ríflega fjórðungur svarenda segist hafa stundum eða oft fjárhagsáhyggjur.

Tæplega 5% svarenda hafa á síðustu fimm árum einhvern tíma frestað því að fara til læknis af fjárhagsástæðum og næstum 3% svarenda hafa á síðustu fimm árum einhvern tíma hætt við að fara til læknis af sömu ástæðum.

Fjórir af hundraði svarenda hafa á síðustu fimm árum einhvern tíma frestað því að kaupa lyf af fjárhagsástæðum. Ríflega 3% svarenda hafa á síðustu fimm árum einhvern tíma hætt við að kaupa lyf af fjárhagsástæðum.

Tæplega 21% segjast vera stundum eða oft einmana.

Ríflega 73% svarenda hittir annað fólk (en þá sem búa á heimilinu) á hverjum degi.

Tæplega 91% svarenda eiga börn á lífi. Ríflega 65% svarenda eiga þrjú eða fleiri börn á lífi. Meðalfjöldi barna á lífi er 3,3.

74 af hundraði hafa aðgang að félagsstarfi eldri borgara. Af þeim sem hafa aðgang að félagsstarfi eldri borgara taka tæplega 36% þátt í því. Tæplega 32% segjast taka þátt í einhverju félagsstarfi öðru en félagsstarfi eldri borgara.

Tæplega 52% eru ein 2 stundir eða skemur á dag. Meðaltíminn sem fólk eyðir eitt er 4,2 klst. á dag.

Tæplega 15% þeirra sem taka afstöðu telja þann tíma sem þeir eru einir á dag lengri en þeir kysu. Á hinn bóginn telja 4% að þessi tími sé skemmri en þeir kysu.

Viðauki 3

Lífskjör, lífshættir og lífsskoðun eldri borgara á Íslandi 1988 – 1999. Skýrsla unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir framkvæmdastjórn árs aldraðra¹. Helstu niðurstöður:

Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er frá greint var að fá fram heildstæða mynd af högum og lífsháttum eldri borgara á Íslandi. Könnuð voru margvísleg gögn úr gagnasafni Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá tímabilinu 1988 til 1999. Gerður var samanburður á lífskjörum, lífsháttum og lífsskoðunum milli aldurshópa (kynslóðagreining) og í sumum tilvikum var gerður samanburður á eldri borgurum hér á landi og eldri borgurum í öðrum vestrænum þjóðfélögum. Umfang efnisins sem til greiningar var tekið takmarkaðist af fjárhagsramma rannsóknarinnar.

Almennt má segja að eldri borgarar á Íslandi njóti efnahagslegra lífskjara sem eru sambærileg við það sem best þekkist á Norðurlöndum. Þannig eru til dæmis ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgara á Íslandi heldur hærri en ráðstöfunartekjur sömu hópa í Svíþjóð og Danmörku og mun hærri en í Finnlandi, mælt í sama gjaldmiðli að teknu tilliti til mismunandi kaupmáttar í löndunum. Ráðstöfunartekjur einhleypra eldri borgara eru álíka háar á Íslandi og í Danmörku og Svíþjóð, en mun hærri en í Finnlandi.

Samsetning tekna íslenskra eldri borgara er hins vegar afar ólík því sem tíðkast í grannríkjunum á Norðurlöndum. Þar eru lífeyristekjur, einkum opinberar lífeyrisbætur, talsvert hærri en á Íslandi en skattar eru hins vegar hærri þar en á Íslandi, einnig á eldri borgara. Íslenskir eldri borgarar hafa hins vegar mun meiri atvinnutekjur og njóta einnig lægri skatta. Þrátt fyrir lægri lífeyrisbætur á Íslandi duga meiri atvinnutekjur vegna meiri atvinnuþátttöku og lægri skattar til þess að jafna raunverulegar ráðstöfunartekjur Íslendinga og frændþjóðanna á Norðurlöndum. Þar með virðist ljóst að tekjur íslenskra eldri borgara eru tiltölulega góðar samanborið við tekjur eldri borgara almennt á Vesturlöndum, því eldri borgarar í Skandinavíu hafa góða stöðu samanborið við sömu hópa í Evrópu og Norður Ameríku.

Þessi ólíka samsetning tekna íslenskra eldri borgara skapar á hinn bóginn sérstök vandamál fyrir ákveðinn hóp eldri borgara. Þeir sem ekki geta afla sér atvinnutekna og ekki hafa náð því að afla sér góðra lífeyrisréttinda í starfstengdu lífeyrissjóðunum á starfsferli sínum hafa einungis lágar bætur frá almannatryggingum að byggja á og búa því oft við þröngan kost. Eldri hlutinn í hópi eldri borgara er oftast í þessari stöðu en hinir yngri, bæði vegna þess að þeir yngri geta oftast stundað einhverja vinnu og hafa að öðru jöfnu betri réttindi í lífeyrissjóðunum. Þetta á einnig í meiri mæli við um konur en karla. Sá hluti eldri borgara sem lendir undir fátæktarmörkum kemur oftast úr þessum hópi. Svipað gildir um kjarastöðu annarra þjóðfélagshópa sem þurfa að byggja afkomu sína einungis á bótum almannatrygginga, svo sem öryrkja, langveika og ekkjur.

Þótt þorri eldri borgara hafi þannig allgóða kjarastöðu er ljóst að aðstæður eru mjög mismunandi innan heildarhóps eldri borgara. Að jafnaði voru fleiri eldri borgarar á Íslandi ánægðir með líf sitt árið 1990 en var í öðrum OECD ríkjum, þegar á heildina er litið. Samt eru um það bil 10% eldri borgara hér á landi óánægðir með lífskjör sín og 4-5% þeirra eru með ráðstöfunartekjur undir alþjóðlega stöðluðum fátæktarmörkum sem taka mið af meðaltekjum hér á landi árin 1997-98.

¹ Höfundar skýrslunnar eru; Stefán Ólafsson, Karl Sigurðsson og María J. Ammendrup

Kjaravandamál eldri borgara hér á landi eru þannig í mestum mæli sérhópavandamál frekar en almenn vandamál alls hóps eldri borgara. Óánægja með kjör er þó vissulega fyrir hendi og tengist oft réttlætiságreiningi vegna víðtækra tekjuskerðinga í bótakerfi íslenska velferðarríkisins.

Í góðæri því sem ríkt hefur frá 1995 hafa fjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgar hækkað einungis um helming af því sem fjölskyldutekjur allra hafa hækkað. Það virðist því ljóst að eldir borgarar hafa dregist afturúr í tekjuþróuninni og ekki náð að halda í við tekjuþennsluna á vinnumarkaðinum. Þannig var það einnig í góðærinu frá 1987-89. Tekjur eldri borgara voru á hinn bóginn stöðugri í niðursveiflunni í kjölfar síðasta góðæris og lækkuðu ekki jafn mikið og tekjur yngra fólks sem er að fullu virkt á vinnumarkaðinum.

Mjög hefur dregið úr fátækt meðal eldri borgara hér á landi á síðustu tíu árum, einkum fyrir áhrif starfstengdu lífeyrissjóðanna sem skila nýjum eftirlaunamönnum mun betri réttindum en þeim eldri í hópi eftirlaunamanna, sem áttu skemur aðild að lífeyrissjóði á starfsferli sínum. Sívaxandi þroskun lífeyrissjóðakerfisins dregur þannig úr fátækt meðal eldri borgara, líkt og gerðist fyrr hjá grannþjóðunum í Skandinavíu, enda kom skylduaðild að lífeyrissjóðum síðar til hér á landi en víða í grannríkjunum á Vesturlöndum.

Eignarstaða eldri borgara á Íslandi, eins og hún kemur fram í eignarhaldi á íbúðarhúsnæði, er með því besta sem þekktist á Vesturlöndum, í þeim skilningi að stærri hluti eldri borgara á umtalsverða eign í íbúðarhúsnæði en í flestum öðrum vestrænum þjóðfélögum.

Þegar litið er til lífshátta eldri borgara virðist ljóst að íslenskir eldri borgarar eru mjög virkir í atvinnulífi og í þjóðlífinu almennt, samanborið við sömu hópa í nágrannalöndunum. Eldri borgarar nota fjölmiðla meira en þeir yngri, til dæmis fréttatíma ljósvakamiðlanna. Þeir lesa dagblöð sömuleiðis í miklum mæli. Þá eru þeir virkir í félagslífi og stunda margvíslega afþreyingariðju. Ekki er verulegur munur á tíðni ferðalaga meðal eldri borgara og þeirra sem yngri eru, hvort sem litið er til ferðalaga innanlands eða utan.

Eldri borgarar hafa markvert öðruvísi lífsskoðun en þeir sem yngri eru. Þeir eru trúræknari og trúaðri, leggja meiri áherslu á velferðarforsjá, hafa jákvæðara viðhorf til vinnu og meiri hollustu gagnvart vinnuveitendum og eru mun síðavandnari en yngri kynslóðirnar. Kristilegt og hefðbundið lífsviðhorf er þannig sterkara meðal eldri kynslóðarinnar.

Eftirfarandi eru nokkur afmörkuð efnisatriði sem fram koma í rannsókninni á högum eldri borgara á Íslandi:

Efnahagsleg lífskjör

- (1) Meðalfjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgara voru um 149.000 krónur á mánuði á árinu 1998. Meðalfjölskyldutekjur allra hjóna og sambúðarfólks í landinu voru þá 277.000 krónur. Tekjur eldri borgara voru þannig um 54% af meðaltali allra.
- (2) Á uppsveiflu góðærisins frá 1995 til 1998 hækkuðu fjölskyldutekjur allra hjóna og sambúðarfólks, á föstu verðlagi, um rúm 30%, en fjölskyldutekjur

sömu hópa meðal eldri borgara hækkuðu um 15,5% á sama tíma. Mest hækkuðu tekjur fólks á aldrinum 40-49 ára, eða um 37%.

- (3) Meðalfjölskyldutekjur hjóna og sambúðarfólks í hópi eldri borgara voru um 61% af meðalfjölskyldutekjum allra 18-80 ára á árinu 1995, en höfðu lækkað í um 54% árið 1998, vegna ofangreindra meiri tekjuhækkana hjá þeim sem yngri eru.
- (4) Meðalfjölskyldutekjur einhleypra í hópi eldri borgara voru tæpar 70.000 krónur á mánuði að jafnaði á árunum 1996-98, á verðlagi ársins 1998. Það var um 69% af meðaltekjum allra einhleypra á aldrinum 18-80.
- (5) Tekjugögn Félagsvísindastofnunar sýna mjög svipaða dreifingu heildartekna einstaklinga eftir tíunduhlutum (e: deciles) og gögn Þjóðhagsstofnunar sem unnin eru úr skattframtölum.
- (6) Þar sem eldri borgarar eru að jafnaði einungis með um 54% af meðaltekjum allra þá er ljóst að eldri borgarar eru að stórum hluta í hópi lágtekjufólksins í þjóðfélaginu hér á landi og er það líkt og í öðrum vestrænum þjóðfélögum. Þannig eru eldri borgarar nærri 35% af þeim tíundahluta tekjuþega sem lægstar tekjurnar hafa og eldri borgarar eru um 17% þeirra sem eru í næstlægsta tekjuhópnum (öðrum tíundahlutanum). Einnig má sjá í gögnum rannsóknarinnar að tæpur helmingur eldri borgara er með tekjur sem tilheyra lægsta tíundahluta tekjuþega.
- (7) Fátækt meðal eldri borgara var metin með aðferð Luxembourg Incomes Study hópsins, sem mest hefur verið notuð í fátæktarmælingum á Vesturlöndum á síðustu árum. Þeir teljast undir fátæktarmörkum sem hafa minna en helming af meðalráðstöfunartekjum fjölskyldna á mann (median equivalent disposable family income). Samkvæmt þeim mælingum er fátækt algengust meðal yngsta aldurshópsins (18-29 ára, oft skólafólk) og elsta aldurshópsins (65-75 ára).
- (8) Árið 1988 töldust um 12,4% eldri borgara hér á landi vera undir fátæktarmörkum, sem þannig voru mæld. Meðalhlutfall fátækra eldri borgara í 13 OECD löndum var 6,4%. Minnst var fátækt eldri borgara meðal Hollendinga, Svía, Frakka, Norðmanna og Finna, en mest var hún meðal Bandaríkjamanna, Íslendinga, Svisslendinga og Breta.
- (9) Mjög hefur dregið úr fátækt meðal eldri borgara á Íslandi á síðustu tíu árum. Árið 1998 var fátækt meðal eldri borgara komin niður í 4,3% og var Ísland þá ekki lengur í hópi þeirra vestrænu þjóða sem mesta fátækt hafa meðal þessa þjóðfélagshóps. Mest munar um sívaxandi réttindi nýrra eftirlaunamanna í starfstengdu lífeyrissjóðunum. Áframhaldandi þroskun lífeyrisséttindanna dregur þannig jafnt og þétt úr fátækt meðal eldri borgara.
- (10) Meðalkaupmáttur ellilífeyrisgreiðslna (frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum sameiginlega) var frá 12% til 57% hærri á hinum Norðurlöndunum árið 1996.

- (11) Hlutur bótatekna af heildartekjum er minni hjá fólki í öllum aldurshópum á Íslandi en hjá hinum þjóðunum á Norðurlöndum. Skattar eru hins vegar hærri þar.
- (12) Eldri borgarar á Íslandi bæta kjör sín verulega umfram eldri borgara á hinum Norðurlöndunum með meiri atvinnuþátttöku og njóta að auki lægri skatta. Það jafnar ráðstöfunartekjur milli þjóðanna og færir íslenskum eldri borgurum ráðstöfunartekjur sem eru á heildina litið áþekkar því sem best er á Norðurlöndum.
- (13) Einhleypir eldri borgarar á Íslandi hafa álíka háar ráðstöfunartekjur og danskir og sænskir kollegar þeirra og mun hærri en Finnar, að teknu tilliti til kaupmáttarmunar milli landanna. Hjón og sambúðarfólk í hópi eldri borgara á Íslandi hafa hins vegar aðeins hærri ráðstöfunartekjur en Svíar og Danir og mun hærri en Finnar.
- (14) Eignarstaða eldri borgara á Íslandi er góð, samanborið við aðrar vestrænar þjóðir. Rúmlega 90% fólks á aldrinum 68 til 80 ára býr í eigin húsnæði og um 97% fólks á aldrinum 67-75 ára. Að jafnaði skulda eldri borgarar lítið í húsnæði sínu og er hrein eign þeirra því umtalsverð, eða rúmlega 8 milljónir að jafnaði hjá fólki á aldrinum 67-75 ára, m.v. markaðsverð árið 1995.
- (15) Um 4,3% eldri borgara segjast þó hafa átt í erfiðleikum með að standa í skilum með húsnæðislán og um 2,2% segjast hafa átt í erfiðleikum með að eiga fyrir öðrum útgjöldum heimilisins.

Huglægt mat á lífskjörum

- (16) Eldri borgarar á Íslandi voru tiltölulega ánægðir með fjárhagsafkomu sína árið 1990, samanborið við eldri borgara í 13 OECD ríkjum. Ívið meiri ánægja var meðal eldri borgara í Danmörku, Hollandi og Kanada. Minnst var ánægjan með fjárhagsafkomu hjá eldri borgurum í Portúgal, Spáni, Frakklandi og í Bretlandi.
- (17) Árið 1999 hefur ánægja með fjárhagsafkomu minnkað nokkuð meðal eldri borgara á Íslandi, samanborið við það sem var árið 1990. Það skýrist líklega mest af þeirri staðreynd að tekjur eldri borgara hafa hækkað markvert minna en tekjur annarra þjóðfélagshópa frá 1995 til 1999, eins og fram kemur í fyrsta kafla skýrslunnar.
- (18) Eldri borgarar eru tiltölulega ánægðir með líkamlega heilsu sína, samanborið við yngri aldurshópina. Það á þó í meiri mæli við um konur en karla.
- (19) Ánægja með andlega líðan var svipuð hjá eldri borgurum og þeim sem yngri eru. Eldri borgarar finna mun sjaldnar til streitu en yngri borgarar (þ.e. fólk sem er 18-67 ára).
- (20) Heldur algengara er meðal eldri borgara að finna til einmanaleika og einangrunar en meðal þeirra sem yngri eru, en munurinn er þó ekki

tölfræðilega marktækur. Færri kvarta um leiða og þunglyndi í hópi eldri borgara, og hið sama á við um eirðarleysi. Á móti kemur að færri eldri borgarar segjast vera sérstaklega spenntir fyrir einhverju eða stolltir vegna hróss fyrir að áorka einhverju. Tæp 56% eldri borgara segjast vera alsælir, að lífið sé dásamlegt. Samsvarandi hlutföll fyrir fólk í yngri aldurshópnum eru frá 56 til 66% og er munurinn ekki tölfræðilega marktækur.

- (21) Á milli 70 og 80% eldri borgara segja að þeir séu ánægðir með að hafa náð einhverju marki og að þeir séu á réttri leið, allt gangi þeim í haginn. Ívið herra hlutfall yngra fólks segir þetta sama, en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur.
- (22) Eldri borgarar finna síður til þess að hafa valfrelsi og stjórn á því hvernig lífi þeirra og velgengni framvindur, einkum konur.
- (23) Eldri borgarar eru ánægðari með heimilislíf sitt en þeir sem yngri eru, og á það bæði við um karla og konur.
- (24) Þegar spurt var um ánægju með lífið almennt og borið saman milli 15 OECD þjóða þá kemur í ljós að eldri borgarar á Íslandi sögðust árið 1990 vera ánægðari með lífið en eldri borgarar í öllum hinum ríkjunum. Næstir Íslendingum koma Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Svíar, en minnst ánægja er meðal Portúgala, Spánverja, Þjóðverja, Frakka og Ítala.
- (25) Frá 1990 til 1999 hafa orðið litlar breytingar á heildaránægju með lífið meðal eldri borgara á Íslandi. Álíka stór hluti þeirra eru nú ánægðir og var 1990 (um 83-4%), en þeir sem voru hlutlausir eru nú heldur færri og óánægðum hefur fjölgað að sama skapi, úr tæpum 8% í rúm 10%.

Lífshættir

- (26) Atvinnuþátttaka karla í hópi eldri borgara er meiri á Íslandi en í nokkru öðru nútímalegu vestrænu þjóðfélagi. Þetta á bæði við um karla á aldrinum 55-64 ára og karla 65 ára og eldri. Ekki hefur dregið úr atvinnuþátttöku fyrir eftirlaunaaldurinn hér á landi eins og mikil brögð hafa verið að í nágrannalöndunum á síðustu árum og áratugum.
- (27) Atvinnuþátttaka kvenna á eftirlaunaaldri er einnig meiri en í öðrum vestrænum þjóðfélögum, en þegar litið er á aldurinn 55-64 ára þá er atvinnuþátttakan heldur meiri í Svíþjóð, Sviss og Noregi. Virkni eldri borgara í atvinnulífinu er því einstaklega mikil á Íslandi.
- (28) Heldur fátíðara er að eldri borgarar ferðist í fríum sínum en þeir sem yngri eru, en munurinn er ekki mjög mikill. Um 68% eldri borgara ferðast að jafnaði eitthvað innanlands á ári hverju á móti um 85% þeirra sem eru 67 ára og yngri. Samsvarandi tölur fyrir ferðir til útlanda eru 37% fyrir eldri borgara á móti 46% fyrir hina yngri.

- (29) Eldri borgarar eru sérstaklega virkir í heimsóknnum til ættingja og í sumarbústaðalífi. Þeir gista einnig frekar á Edduhótelum og í bændagistingu en á tjaldstæðum. Yngra fólkið fitjar upp á fleiri þáttum afþreyingar á ferðalögum sínum en þeir sem eldri eru.
- (30) Þegar kannað er eignarhald á algengum heimilistækjum kemur í ljós að eldri borgarar eiga síður sum af þeim tækjum sem náð hafa útbreiðslu í seinni tíð, svo sem örbylgjuofna, matvinnsluvélar, gasgrill og þurrkara. Önnur tæki eiga þeir í álíka miklum mæli og fólk í yngri aldurshópnum.
- (31) Um 74% þeirra sem eru 68-80 ára eiga bifreið. Hlutfallið fyrir þá sem eru 25 til 67 ára er hærra en 90%, en um tveir af hverjum þremur einstaklingum á aldrinum 20-24 ára eiga bifreið.
- (32) Eldri borgarar eru álíka virkir og þeir sem yngri eru í að bjóða í mat og fara í matarboð, einnig í að fara í leikhús, á tónleika, á myndlistarsýningar og bókasöfn. Hins vegar stunda þeir í minni mæli veitingarhús, skemmtistaði og kappleiki, og þeir nota minna skyndimat og myndbandsspólur.
- (33) Eldri borgarar hlusta meira á útvarp en yngri fólk. Mestur er þó munurinn á þeim elstu og þeim allra yngstu (12-19 ára). Að jafnaði hlusta eldri borgarar á útvarp í 227 mínútur á dag, eða í tæpar 4 stundir. Þeir sem eru 50-67 ára hlusta að jafnaði í 200 mínútur en þeir yngstu hlusta í um 107 mínútur á dag.
- (34) Minni munur er milli aldurshópa í heildaráhorfi á sjónvarp. Þeir elstu horfa að jafnaði í 163 mínútur á dag (tæpar 3 stundir), fólk á aldrinum 50-67 ára horfir í 152 mínútur og yngri hóparnir eru með frá 132 til 140 mínútur á dag að jafnaði.
- (35) Eldri borgarar hlusta mun meira á útvarpsfréttir RÚV en þeir sem yngri eru, um 58% á móti 35% þeirra sem eru 50-67 ára. Aðrir aldurshópar hafa mun lægri hlustunartölur.
- (36) Eldri borgarar horfa markvert meira á kvöldfréttir á RÚV en á Stöð 2 og þeir hlusta áberandi minna á hádegisfréttir Bylgjunnar.
- (37) Frekar líttill munur er á lestri Morgunblaðsins milli aldurshópa. Eldri borgarar lesa hins vegar DV mun minna en þeir sem yngri eru en þeir lesa Dag hins vegar meira.

Lífsskoðun

- (38) Eldri borgarar eru mun trúaðari en þeir sem yngri eru. Í reynd er beint neikvætt samband milli ýmissa mælinga á trúarlegni og aldurs. Þeir sem eldri eru fengu í mun meiri mæli trúarlegt uppeldi en yngri fólk virðist fá nú á dögum.
- (39) Eldri borgarar eru markvert meira á þeirri skoðun að auka eigi og efla opinbera velferðarþjónustu. Þar er beint samband milli aldurs og áherslu á aukna velferðarþjónustu.

- (40) Ekki er marktækur munur á afstöðu fólks í ólíkum aldurshópum til mikilvægis fjölskyldunnar, vinnunnar, vana, frístunda og stjórn mála. Hins vegar leggur eldra fólk áberandi meiri áherslu á mikilvægi trúarinnar.
- (41) Eldri borgarar eru jákvæðari en yngra fólk gagnvart frekari áherslu á tækniþróun í framtíðinni, bera meiri virðingu fyrir stjórnvöldum og eru jafnframt áhugasamir um einfaldari og náttúrulegri lífshætti.
- (42) Jákvæð afstaða til vinnunnar er markvert meiri meðal eldri borgara en þeirra sem yngri eru. Hið sama á einnig við um hollustu gagnvart vinnuveitanda og starfi.
- (43) Loks eru eldri borgarar afgerandi siðavandari en fólk í yngri aldurshópunum. Það á við um nær alla þætti siðferðismála sem spurt var um í rannsókninni.

Viðauki 4

Könnun á fjárhagslegum undirbúningi fólks fyrir æviskeiðið eftir starfslok. Unnin af Gallup í mars 1999.¹ Helstu niðurstöður:

Meirihluti aðspurðra, eða rúmlega 57% telur að kjör eftirlaunafólks muni batna þegar hann kemst á eftirlaunaaldur, á meðan tæplega 15% telja að þau muni versna.

Þegar spurt er um ástæður þess að kjör eftirlaunafólks muni batna er aukinn lífeyrissparnaður oftast nefndur, en ríflega 19% þeirra sem tóku afstöðu nefna þá ástæðu. Rúmlega 18 af hundraði telja að „vakning/fólk hugsar meira“ sé ástæðan.

Þegar þeir sem töldu að kjör eftirlaunaþega myndu versna voru spurðir um ástæðu þeirrar skoðunar, var „fjölgun aldraðra“ oftast nefnd, en ríflega 36% þeirra sem tóku afstöðu nefndu þá ástæðu. „Alltaf verið að skerða/reynslan“ var nefnt af rúmlega 31%.

Þegar fólk var spurt hvenær það vilji hætta að vinna, vill rúmur þriðjungur hætta að vinna fyrir eða um sextugt. Alls vilja 59% hætta að vinna áður en 67 árum er náð. Fólk vill að meðaltali hætta að vinna á 65. aldursári.

Þeir sem tóku ekki afstöðu til spurningarinnar þar sem spurt var opið hvenær fólk vill hætta að vinna, voru spurðir að því hvort þeir vildu hætta fyrir eða eftir 67 ára aldur. Rúmlega 65% svarenda vill vinna lengur en til 67 ára. Slétt 26% vilja vinna til 67 ára, en aðeins tæplega 9% skemur.

Af þeim sem vilja hætta að vinna áður en þeir ná 67 ára aldri, vilja langflestir, eða naumlega 66% njóta lífsins og sinna áhugamálum. Liðlega 14% telja sig verða búin að vinna nógu lengi.

Ríflega 43% svarenda vilja stefna á að hafa 150 þús. krónur eða meira í mánaðarlegar tekjur á eftirlaunaaldri. Að meðaltali stefnir fólk á að hafa 149.065 kr. á mánuði í tekjur þegar það hættir að vinna.

Talsvert meira en helmingur, eða 57% svarenda, er ekki byrjaður að skipuleggja fjármál eftirlaunaáranna.

Þeir sem sögðust ekki vera farnir að skipuleggja fjármál eftirlaunaáranna voru spurðir hvernig þeir hyggðust gera það. Af þeim sem afstöðu tóku hyggjast nær 68% undirbúa fjármál eftirlaunaáranna með almennum sparnaði. Naumlega 28% með umframgreiðslu í lífeyrissjóð og liðlega 27% með því að greiða í lífeyrissjóð (ekki skilgreint hvort með eða án umframgreiðslu).

¹ Höfundar skýrslunnar eru; Þóra Ásgeirsdóttir, Matthías Þorvaldsson, Gunnlaugur Ólafsson og Hulda Þórisdóttir

Af þeim sem byrjaðir eru að skipuleggja fjármál eftirlaunaáranna, telja naumlega 56% að vel hafi tekist til við skipulagninguna.

Þeir sem eru ekki byrjaðir að huga að fjármálum eftirlaunaáranna voru spurðir hvenær þeir teldu hæfilegt að byrja á því. Að meðaltali er það talið hæfilegt á 34. aldursári.

Fólk eldra en 67 ára var spurt hvenær því þyki/hefði þótt hæfilegt að hætta að vinna. Naumlega 29% hefðu viljað hætta að vinna fyrir 67. aldursárið. Um fjórðungur telur hæfilegt að hætta vinnu þegar 67 ára aldri er náð, slétt 47% vilja/vildu hætta að vinna um sjötugt eða síðar.

Að meðaltali vill fólk 67 ára og eldra, hafa 109.304 kr. í mánaðarlegar tekjur eftir skatta, eftir að það hættir að vinna. Þetta er talsvert lægri upphæð en kom fram þegar fólk undir 67 ára var spurt, en þar var meðaltalið um 149 þúsund kr. á mánuði.

Liðlega 36% fólks eldra en 67 ára, telja sig hafa skipulagt vel fjármál eftirlaunaáranna en naumlega 42% telja sig hafa gert það illa.